

Guðspekifjelagio og kenningarnar um lífið eftir dauðann.

I.

Guðspekifjelaginu hjer óska jeg þess hverta sem unt er, en það er, að hví megi auðnast að verða sem mest með sannleikanum, og sem minst á móti honum. Og þess vegna verð jeg að óska þess, að fjalaglið verði sem allraminst ágengt með að fá fólkid til að trúa á kenningar þær, sem það flytur um lífið eftir dauðann. Því að með þeim kenningum er fjalaglið á móti sannleikanum. Þessi aðalkenning guðspekinnar að manni fæðist aftur og aftur hjer á jörðu, er röng. Í rauninni er það í augum uppi, að ef menn hefðu líf, aður, þá væri það alvanalegt að muna talsvert úr sínu fyrra lífi, en hitt undantekning, að munu ekkert. En nú er þetta á hinnum veginn, eins og kunnugt er, og auðvælt að skýra hvernig hinar sjaldgæfu endurminningar úr fyrrri ævi — sem virðast vera — eru tilkomnar. Ætla jég ekki að endurtaka hjer það sem um þetta efni má lesa í bók minni, Ennyá, og hvorjum þeim nægar til skilnings á þessu málí, er sannleikann metur svo mikils, að hann óski eftir skilningi. Það virðist líka í augum uppi, að það getur ekki orðið meill rjettlæti úr því, að menn fæðist og lífi hjer á jörðu.

aftur og aftur. Aftur á móti er hitt augljóst, að ef framlíf vort — lífið eftir dauðann — verður innan um fólk, sem er gagnlíkt sjálfum oss að innræti — og það er á þá leið sem sannleikurinn er — þá munum vjer í sambúð við það, fá að reyna einmitt slíkt atlæti sem vjer höfum öðrum sýnt.

Og vitanlega er lífið eftir dauðann líkamlegt, og ekki neitt líf í ósýnilegum heimi. Kenning kirkjunnar um resurrectio carnis (og einkum ef vjer þýðum það endurskópun líkamans) hefir mjög þýðingarmikinn sannleika að geyma, þó að sá sannleikur sje þar miklum misskilningi blandinn, eins og' mjög vill verða, þar sem um trúar eða dultrúarkennningar er að ræða.

II.

Firra er það sem stuðulum má sjá haldið fram, að á sama megi standa, hvað sje kent um lífið eftir dauðann, vegna þess að um bau efni geti enginn vítað neitt.

Mjög mikil er til af fróðleik um lífið eftir dauðann, sem talinn er vera frá framliönnum. Og ef vjer tökum nögu viðindalega á

þeim fróðleik, þá verður árangur-
inn örugg vitneskja um það,
hvernig lífinu eftir dauðann
er í verulegum atriðum hátt-
að. — Það kemur til dæmis svo
greinilega í ljós, að þar verður
engum skynsamlegum efasemdum
við komið, að lífið eftir dauðann
er beint framhald af lífi voru
hjer á jörðu; eða með öðrum orð-
um, líkamlegt líf á einhverri jarð-
stjörnu. Og, að segja að slíkt sje-
ekki annað en getgátur einar, er
vanþekkingarhjal og ekkert ánna-
ð. Samhengi betta, kontinuitet,
er í nánasta samræmi við alt sem
ví sindaleg rannsókn hefir leitt í

ljós um eðli lífsins og heimsins.
Frumlífssfræðin er að verulegu
leyti þáttar í náttúrufræði, og na-
skyld þeim þáttunum sem fást við
vöxt og endurvöxt líkamans, og
framhald lífegundanna í nýum
einstaklingum. En framlífssfræðin
er sú grein náttúrvísindanna
sem áhrifameiri mun verða til að
bæta lífið hjer á jörðu en nokkur
önnur hefir verið. Þen eintóm trú
vanþekkingarblandin og bess-
vegna mjög margvisleg, á að til
sje líf eftir dauðann, hefir ekki
mikil áhrif í þá átt, eins og mönn-
um verður auðveldlega ljóst ef
þeir vilja muna eftir því, að þá
trú hefir ált mannkyn haft í
hundruð þúsund ár og jafnvel
lengur.

21. mars. 1934.

Holgi Pjeturss.

Athugasemd.

Í greininni „Útvarpið og tón-
list“ hafði misprentast þeirra vjel,
fyrir þeirri vjel. Ofmælt var það að
söngleikurinn Rigoletto sje hálf-
leiðinlegur, en hann kemst þó
ekki í hálfkvisti við Aida, eftir
sama tónskáld.

H. P.

Mol. 27 mars 1934